


# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 82

febrúar 2001

## Fréttabréf



## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn kl. 20:00 þriðjudaginn 27. febrúar 2001 í Norræna húsinu

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kaffi
3. Ekið yfir Grænlandsjökul  
*Ástvaldur Guðmundsson*

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður þriðjudaginn 27. febrúar 2001. Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Eftir kaffihlé segir Ástvaldur Guðmundsson frá jeppaferð sinni með Arngrími Hermannssyni, Frey Jónssyni og Ingimundi Þorsteinssyni þvert yfir Grænlandsjökul vestan frá Nuuk til Isortoq og til baka að Syðri-Straumsfirði um mánaðamótin maí-júní 1999. Erindi hans verður að sjálfsögðu rískulega myndskreytt.

## HÁLFRAR ALDAR AFMÆLISHÁTÍÐ

Pann 22. nóvember 2000 voru liðin 50 ár frá stofnfundi Jöklarannsóknafélagsins. Það varð okkur tilefni veislu og var laugardagurinn 18. nóvember valinn til hátíðahalda. Þau fóru fram í tvennu lagi; fyrst afmælishátíðarfundur, sem var haldinn var síðdegis í Norræna húsinu og síðan afmælisárshátíð sem haldin var um kvöldið á Hótel Sögu. Loks var haldinn afmælisfundur um íssjármælingar í Norræna húsinu þann 17. janúar s.l.

Sveinbjörn Björnsson fyrrverandi formaður félagsins stjórnandi afmælishátíðarfundinum. Dagskrá fundarins var sem hér segir:

- Jöklarannsóknir fyrr og nú - ferðatækni og framfarir frá Sænsk-íslenska leiðangrinum fram á jeppaöld
- Magnús Tumi Guðmundsson
- Jöklabreytingar og veðurfar. Sporðamælingar Jöklarannsóknafélagsins og samband veðurfars og afkomu jöкла
- Tómas Jóhannesson og Oddur Sigurðsson
- Svipmyndir úr starfi Jöklarannsóknafélagsins í 50 ár
- Magnús Hallgrímsson

Magnús Tumi formaður félagsins greindi í sínu erindi frá hinum ólíku farartækjum sem notuð hafa verið í jöklaverðum hér á landi svo sem skíði, sleða, hesta, vélsleða, snjóþíla og nýtísku breiðdekkja jeppa og sýndi fjölmargar myndir frá ýmsum tínum.

Tómas sagði frá þeim fjársjóði sem liggur í sporðamælingum félagsins, enda má með einföldum reikningum sýna að kostnaður við að afla þeirra hleypur á mörgum hundruðum milljóna króna að núgildandi verðlagi. Því fer fjarri að efni gagnagrunnsins, sem siffelt stækkar, hafi verið þurrausið til fræðilegra úrlausna í jöklafraði.

Magnús Hallgrímsson, sem fyrstur Íslendinga gekk upp á Hofsjökul árið eftir að Jöklarannsóknafélagið var stofnað, hefur kynnt flestum jöklamönnum hérlandum. Hann kunni svo sannarlega að segja frá þessum merkilega her.

Húsnaðið reyndist vart nógu stórt því að bæta þurfti við eins mörgum stólum og salurinn tók og stóðu samt nokkrir. Á eftir bauð afmælisbarnið til kaffidrykkju og var þar meðal annars snæddur Vatnajökull úr marsipan. Er skemmt frá því að segja að gleði og sæla skein út úr hverju andliti. Þarna hittust félagar sem eru á tímabundnum og verðandi félagar vart komnir úr hvítavoðum og allt þar á milli. Höfðu hinir eldri frá ýmsu að segja og þeir yngri margt að nema.

Tveim mánuðum seinna flutti Helgi Björnsson fyrrverandi formaður erindi í Norræna húsinu, einnig fyrir fullum sal, um það mikla þrekvirki, sem íssjármælingar fjögurra stærstu jöklu landsins eru.

Oddur Sigurðsson

## HÁLFRAR ALDAR AFMÆLISÁRSHÁTÍÐHÁTÍÐ JÖRFI

Menn fengu aðeins smá hlé milli hátíðarfundarins og afmælisárháttíðarinnar, sem hófst í boði ÁTVR kl. 18 á Stuðlahálsi 2 þar sem Silja Hauksdóttir og Sandra Þorsteinsdóttir léku á saxafóna. Þaðan var haldið í rútu vestur í hótel Sögu. Þangað komu 142 félagar og gestir og hefur ársháttíð félagsins aldrei verið jafn fjölmenn. Formaður setti samkomuna og skipaði Magnús Hallgrímsson veislustjóra. Ingibjörg Árnadóttir og Halldór Gíslason yngri fluttu hátíðarræður. Kór átta félaga flutti jöklamannalög í útsetningu Páls Einarssonar, sem einnig stjórnaði flutningi og þriggja manna undirleiks hljómsveit. Formaður afhenti nýkjörnum heiðursfélögum þeim Auði Ólafsdóttur, Erlu Engilbertsdóttur, Þóru Ellen Þórhallsdóttur fyrir hönd

Helga Björnssonar, sem var erlendis, Ingibjörgu Árnadóttur, Jóni E. Ísdal og Jóni Sveinssyni jöklastjörnu og heiðursskjali. Jón E. Ísdal talaði fyrir hönd nýju heiðursfélaganna. Á milli atriða og rétta var fjöldasöngur og í lokin var stiginn dans með jöklamanna hrynjandi.

Það var sammerkt árshátiðinni og fundinum fyr um daginn svo sem og starfi jöklamanna fyrr og síðar að þar voru menn samhentir um hvaðeina og glöddust innilega enda gekk hátiðin vel í alla staði. Þá á Landsvirkjun þökk okkar fyrir drengilegan stuðning. Ferðafélag Íslands færði Jöklarannsóknafélaginu alla árbækur sínar í afmælisgjöf og er hér með þakkað fyrir höfðinglega gjöf og bróðurþel.

Oddur Sigurðsson


#### JÖKULL 49. ÁRGANGUR KOMINN ÚT

Nú eiga allir skuldlausir félagar að vera búinir að fá nýjasta Jökul, sem er sá 49. í röðinni. Talsvert hefur saxast á útgáfuhalann sem var á góðri leið með að verða féluginu fjötur um fót. Mikið átok þurfti til að koma út ritinu og er engri rýrð kastað á hópinn sem vann verkið þótt Bryndís Brandsdóttir sé nefnd sérstaklega sem meginstólpi liðsins.


Glæsibrágur er á nýja heftinu, sem fjallar fyrst og fremst um Mýrdalsjökul og Kötlu. Prentun hefur heppnast vel og prýða ritið nokkur kort í lit, sem gerir þau bæði fallegri og læsilegri. Meginuppistaða efnis er fjórar samantektar greinar, sem eiga það sameiginlegt að á bak við þær liggur geysivinna og margvísleg gögn.

Fyrsta greinin er um gossögu Kötlu eftir Guðrúnú Larsen og nær hún aftur til loka ísaldar. Margir hafa gert atrennu að gossögu Íslands og má þar nefna Halldór Jakobsson, Jón Steingrímsson og Svein Pálsson á 18. öld, Jónas Hallgrímsson, Markús Loftsson og Þorvald Thoroddsen á 19. öld og á 20. öld hafa ýmsir bætt við. Jafnan hefur saga Kötlu verið hryggjarstykkið í þessum skrifum, enda hefur hún ásamt Heklu haft hvað mest áhrif á þjóðina. Mjög mikilvægt er að koma böndum á gossögu Kötlu þar sem hún hefur dreift ösku svo víða og verður þess vegna lykill að tímatali í jarðvegi, jöklum og á hafsbotni.


Að baki þessari grein liggur óhemju vinna, sem sést best á korti þar sem merktir eru mælingastaðir. Þeir skipta hundruðum og hefur í flestum tilvikum þurft að grafa mikið til að fá gott snið í jarðveginn til mælinga.



Maggi Hall heldur þrumufyrirlestur.



Tveir samferðamenn og einn sporgengill.



Öldungaráð Jöklarannsóknafélagsins.



Setinn kvennabekkur í afmæliskaffinu.




Nýir heiðursfélagar með skjöl og stjörnu.



Formaður afhendir heiðursviðurkenningu.



Kór Jöklarannsóknafélagsins dregur ekki af sér.



Mæðgur sem prýddu árshátíðina.

Önnur greinin er um Mýrdalsjökul eftir Helga Björnsson, Finn Pálsson og Magnús Tuma Guðmundsson. Þar er birt yfirborðskort af jöklinum og er það í fyrsta sinn sem áreiðanlegt kort fæst útgefið af þeim jöklum. Væri mikill fengur í að því í stærri mælikvarða. Í öðru lagi er þar greint frá mælingum á dípi jöklusins niður á fast land og var margur eftirvætingarfullur að fá að sjá það. Þar kemur í ljós, sem menn höfðu getið sér til áður, að undir jöklinum er 100 km<sup>2</sup> askja og í henni er sumstaðar meira en 700 m þykkur ís. Þar má sjá á botni jöklusins hryggi eða smáfjöll sem höfundar telja vera frá tilteknunum gosum á síðari oldum þ.e. 1755, 1823 og 1918. Ekki náðist að mæla Kötlujökul og Sandfellsjökul, enda er þar viða óvarlegt um að fara vegna sprungna.

Meðal þess mikilvægasta sem þessar mælingar leiddu af sér er að unnt er að skipta jöklinum í vatnsvið og spá þannig um hvert hlaup muni leita þegar vitað er hvar gos hefur orðið í jöklinum.

Að flatarmáli er Mýrdalsjökull um 600 km<sup>2</sup>. Meðalþykkt jöklusins er um 230 m og rúmmál íssins því um 140 km<sup>3</sup>.

Þriðju stórgreinina um Kötlu rita jarðeðlisfræðingarnir Geirfinnur Jónsson og Leó Kristjánsson. Þeir hafa tekið saman mælingar á segulsviði yfir eldstöðinni og birta kort af því. Líkist það mjög samsvarandi korti frá Öskju í Dyngjufjöllum.

Páll Einarsson og Bryndís Brandsdóttir rita um jarðskjálfta sem urðu undir Mýrdalsjöklum á árunum 1978-1985. Þar koma fram árstíðasveiflur sem hafa vakið athygli og er ekki vitað um sambærilegt fyrirbrigði annars staðar í heiminum. Með jarðskjálfta-, segulsviðs- og þyngdarmælingum hafa menn áætlað ýmislegt um innri gerð Kötlu, svo sem hvar sé að finna kvikuþró, sem fæðir af sér eldgosin og hvaða bergerð er í iðrum eldstöðvarinnar.

Þá er í Jöklum grein eftir Odd Sigurðsson, Snorra Zóphóníasson og Erling Ísleifsson um hlaupið í Jöklusá á Sólheimasandi í júlí 1999. Þar eru og ritfregnir um það fræga eldfjall Santorini eftir Sigurð Steinþórsson. Fastir liðir í ritinu eru um jöklabreytingar milli áranna 1997 og 1998 eftir Odd Sigurðsson, skýrslur stjórnar Jöklarannsóknafélagsins og formanns Jarðfræðafélagsins og um rannsóknaferðir Jöklarannsóknafélagsins 1999.

Oddur Sigurðsson

## SPORDAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2000

Nú er 20. öldin liðin og því ástaða til að líta aðeins yfir farinn veg. Mælingamenn gengu nú til jöklar í 71. sinn og hafa sumir þeirra sýnt fádæma úthald í því verki. Þar með höfum við upplýsingar um hreyfingar margra jöklar í 7 áratugi og á þeim tíma hafa miklar sveiflur orðið í veðurfari. Af ýmsum gögnum má sjá að í lok tuttugustu aldar eru jöklar almennt minni en þeir voru á sautjándu öld. Hvað mestir eru jöklar almennt minni en þeir voru á sautjándu öld. Hvað mestir voru þeir undir lok 19. aldar en minnkuðu örast á öðrum þriðjungi nýliðinnar aldar. Þar getur ekki verið neinu öðru um að kenna en hlýindaskeiði, sem hófst á þriðja áratugnum. Ekki var öll öldin samfelld hlýindi og má segja að tímabilið frá 1965 til 1985 hafi líkst litlu ísöld hvað hitasaf varðar. Jöklarnir létu þá ekki standa á sér og gengu flestir fram í aldarfjórðung en mismikið. Síðust 5 ár aldarinnar reyndust jöklunum þung í skauti og hopa þeir nú allir sem einn.

Jöklamælingamenn vitjuðu jökulsporða á 46 stöðum. Af þeim hopuðu 39, 1 gekk fram en 4 stöðu í stað. Grímslandsjökull og Virkisjökull vörðust fréttu sem og oft að undanförnu. Leirufjarðarjökull var sá eini, sem færðist fram á síðast liðnu ári eins og hann hefur gert nú í 6 ár samfell, samtals 1150 m síðan 1994. Kaldalónsjökull mældist á sama stað og í fyrra en sýnilegt er að hann hefur gengið nokkrum metrum framar þegar fremst stöð. Tveir af þeim jöklum, sem mælast kyrpstæðir (Kvíár- og Hrútárjökull) eru undir aurkápu í sporðinn og ná því ekki að bráðna eins og eðlilegt væri. Það sama á við um Virkisjökul. Þeir eru hins vegar að lækka mikið innar og eru því í reynd að hopa. Hannes Jónsson reyndist sannspár 1998 um að Skeiðarárjökull myndi hopa ört að vestanverðu því að hann hefur styst um fjórðung úr km á tveim árum.

Bótt Dyngjujökull sé ekki skipulega mældur af félagsmönnum sakar ekki að geta þess hér að hann hljóp fram veturninn 1999-2000 um 1200-1300 m. Það var tilkomumikil sjón að sögn sjónarvotta og trúi ég því vel minnugur heimsóknna að Síðujökli í byrjun árs 1994.

Nú hefur Bragi Þórarinsson dregið sig í hlé eftir tveggja áratuga mælingar af stakri vandvirkni. Við af honum tók Ragnar Frank Kristjánsson þjóðgarðsvörður í Skaftafelli, og má segja að starfið sé komið aftur heim því að áður hafði Ragnar í Skaftafelli mælingarnar með höndum.

Kristjana Eyþórssdóttir, sonardóttir Jóns Eyþórssonar, hefur tekið við mælingum á Langjökli í Jökulkróki og létti þar með af Theodóri

Theodórssyni einum af fjórum mælingastöðum. Er gleðilegt til þess að vita að jöklamælingar séu ættgengar.

Oddur Sigurðsson

### HÚSNÆÐI FYRIR BÍLINN

Úr rættist í málum bílanefndar þegar félagið tók á leigu húsnæði hjá Eignarhaldsfélaginu Parti e.h.f. að Eldshöfða 10 í Reykjavík. Ær bíllinn kominn þar inn og verða haldnir vinnufundir í húsnæðinu á þriðjudagskvöldum fyrir bílanefnd og aðra áhugasama.

Bílanefnd

### AFSLÁTTARVERÐ Á JÖKLI

Nokkrar fyrirspurnir hafa borist um eldri árganga af Jökli. Það er ekki að undra því að í ritinu hefur birst mikið um íslensk jarðvísindi, fróðleikur, sem ekki er annars staðar að hafa. Flest af því efni er aðgengilegt öllum þorra manna. Margvíslegar samantektargreinar hafa birst í ritinu sem eru gjörsamlega ómissandi þeim, sem teljast vilja særilega heima um Ísland, eðli jarðarinnar hér og ýmsa þætti jarðsögunnar svo ekki sé talað um íslenska jöklar. Nokkuð er til af flestum árgöngum Jökuls að undanskildum þeim fyrstu fimm og þess vegna hefur verið ákveðið að selja fyrri árganga Jökuls við verði sem hér segir:

- Síðustu tveir árgangar: 2000 kr./eintak
- aðrir árgangar

Fjöldi eintaka	verð
1	1000 kr.
2	1500 kr.
3	2000 kr.
4	2500 kr.
5	3000 kr.
6	3300 kr.
7	3550 kr.
8	3800 kr.
9	4000 kr.
10	4200 kr.
11	4400 kr.
12	4600 kr.

13	4800 kr.
14	5000 kr.
15	5200 kr.
20	6200 kr.
25	6700 kr.
30	7200 kr.

o.s.frv.

Þegar menn ganga nýir í félagið geti þeir keypt eldri hefti (líka tvo síðustu árganga) samkv. verðlistanum í b).

Þegar upplag er komið niður fyrir 20 eintök af einhverjum árgangi þá má annaðhvort hækka verðið eða draga hann út úr almennri sölu.

Þeir sem hafa huga á að eignast eldri árganga af Jöklí geta haft samband við stjórnarmenn félagsins t.d. Magnús Tuma Guðmundsson (sími 525 5867, [mtg@raunvis.hi.is](mailto:mtg@raunvis.hi.is)), Garðar Briem (sími 561 3583, [gardarbriem@islandia.is](mailto:gardarbriem@islandia.is)) eða Ástvald Guðmundsson (sími 568 6312).

Stjórnin